

**Mál nr. 153/2014**  
**M og**  
**V v. slysatryggingar skóla og barna.**

**Stúlka braut upp úr tönn í skólaleikfimi. Krafa um frekari bætur síðar. Fyrning. Þ.**  
**24.5.1995.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 21.5.2014 ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V dags. 28.5.2014 ásamt fylgiskjölum 1-4.

**Málsatvik.**

M var í skólaleikfimi og varð fyrir því óhappi að fara með hókuna í öxl annarrar stúlku og brjóta upp úr tönn. Gert var við tönnina og greiddi V fyrir viðgerðina. M segir að á árinu 2013 hafi hún fengið verki í tönnina og tennur við hliðna og í ljós hafi komið sýking sem sé afleiðing af högginu. Tannlæknir M segir í yfirlýsingu að líklegt sé að sá áverki á framtennur M sem hún varð árið 1995 sé orsök dreps í taug nr. 41 en engin viðgerð eða skemmd hafi verið fyrir í tönninni. Þá liggur fyrir yfirlýsing frá öðrum tannlækni um sýkingu við þá tönn sem var meðhöndluð upphaflega eftir slysið. V hafnar bótaskyldu og vísar m.a. til 13. gr. váttryggingarskilmála fyrir þá váttryggingu sem hér ræðir um, en þar sé kveðið á um að kröfur um greiðslu bóta eða váttryggingarfjárhæðarinnar fynnist í síðasta lagi á 10 árum frá því að váttryggingaratburðurinn gerðist. Þá vísar V til 29. gr. þágildandi laga um váttryggingasamninga nr. 20/1954 um fyrningu kröfu. V bendir á að þ. 24. maí 2005 hafi tíu ár verið liðin frá því að atburðurinn varð, en það sé fyrst árið 2013 sem M hafi leitað til V um frekari greiðsluskyldu úr váttryggingunni en þá hafi verið liðin um átta ár frá því að krafa M fyrntist. Þá vísar V til dóma Hæstaréttar í málum nr. 287/2011 og 86/2013 máli sínu til stuðnings.

**Álit.**

Fortakslaus ákvæði í 29. gr. laga nr. 20/1954 um váttryggingasamninga og sambærilegt ákvæði í váttryggingarskilmálum um fyrningu leiða til þess að M átti ekki kröfu um frekari bætur vegna slyssins eftir 14.5.2005. M á því ekki kröfu um bætur úr slysatryggingu skóla og barna hjá V þar sem krafan er fyrnd.

**Niðurstaða.**

M á ekki kröfu um bætur úr slysatryggingu skóla og barna hjá V

Reykjavík 19.6.2014.

\_\_\_\_\_  
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

\_\_\_\_\_  
Valgeir Pálsson hrl.

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon hrl.